



Fundargerð

42. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,

Miðvikudaginn 20. ágúst 2025, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 305. fundar skipulagsnefndar UTU - 2506026

Lögð fram fundargerð 305. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 229. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Ás 1 L165257; Ás; Stofnun lóðar - 2506086.

Lögð er fram umsókn ásamt merkjalýsingu dags. 18.06.2025, skv. reglugerð um merki fasteigna 160/2024, er varðar stofnun nýrrar landeignar. Óskað er eftir að stofna 14,1 ha landeign, Ás, úr landi Áss 1 L165257. Íbúðarhús, hesthús og reiðhöll eru innan nýrrar landeignar.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við afmörkun landsins skv. framlagðri merkjalýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða erindið. Hreppsnefnd bendir á að framkvæmdir innan lóðar eru að jafnaði háðar gerð deiliskipulags sem tekur til svæðisins.

Mál nr. 28; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-229 - 2506002F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-229.

2. Fundargerð 306. fundar skipulagsnefndar UTU - 2507003

Lögð fram fundargerð 306. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 230. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Einholt L180119; Skilgreining lóða; Einholt 1 og Einholt 2; Deiliskipulag - 2506106.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Einholts L180119 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining tveggja lóða og byggingarreita innan þeirra fyrir íbúðarhús og bílskúr.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Nefndin bendir á að fjarlægð bygginga frá Einholtsvegi, sem er héraðsvegur, skal vera minnst 50 metrar á grundvelli gr. 5.3.2.5. Í ljósi þess að því verður ekki viðkomandi gagnvart skilgreindum lóðum sem skipulagið tekur til gerir nefndin ráð fyrir því að vegkaflinn frá afleggjaramum að Hestheimum L212134 að Einholti verði skilgreindur sem

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Holt', 'KJ', and 'HJ'.

einkavegur ekki á forsvari Vegagerðarinnar.

Mál nr. 2; Nes 2 L230552; Breyting byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2507007. Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu fyrir Nes 2 L230552 í Ásahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur B3 stækkar og færir til norðvesturs. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um að fullnægjandi gögn verði lögð fram við afgreiðslu málsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi og aðliggjandi nágranni sem hefur þegar veitt samþykki fyrir breytingunni telur hreppsnefndin ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-230 - 2506004F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 25-230.

3. Fundargerð 307. fundar skipulagsnefndar UTU - 2508008

Lögð fram fundargerð 307. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerðum afgreiðslufunda byggingarfulltrúa UTU nr. 25-231 og nr. 25-232.

Mál nr. 1; Bergholt L238505; Íbúðarhús, gestahús og hesthús; Deiliskipulag - 2503060. Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bergholts L238505 í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og þar verður heimilt að byggja íbúðarhús, gestahús og hesthús/reiðhöll. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og rökstuðningi fyrir undanþágu vegna byggingar hesthúss nær vegi en 50m. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefnd Ásahrepps mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda með fyrirvara um jákvæða niðurstöðu um fjarlægðamörk hesthúss frá vegi og að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ísleifur Jónasson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 36; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-232 - 2508001F.

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-232.

Mál nr. 37; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 25-231 - 2507002F

Lögð er fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 25-231.

4. Fjallskiladeild Holtamannafréttar - 9 - 2508001F

Lögð fram fundargerð 9. fundar Fjallskiladeildar Holtamannafréttar.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fundargerð 9. fundar Fjallskiladeildar Holtamannafréttar fyrir sitt leyti.

4.1 2108011 - Ákvörðun um réttardag á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti.

4.2 2108012 - Ákvörðun um leitarstjórn á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti.

4.3 2108013 - Ákvörðun um þóknarir vegna fjallferða á Holtamannafrétti

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the word "Holt" and various initials.

4.4 2503006 - Úthlutun úr Landbótasjóði

Til kynningar.

4.5 2212014 - Uppgræðsla á Holtamannaafrétti

Til kynningar.

5. Fundargerð 38. fundar stjórnar Odda bs. - 2506027

Lögð fram fundargerð 38. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

6. Fundargerð 248. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2507004

Lögð fram fundargerð 248. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

7. Fundargerð 15. fundar stjórnar Lundar - 2507006

Lögð fram fundargerð 15. fundar stjórnar Lundar.

Til kynningar.

8. Fundargerð 91. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2506017

Lögð fram fundargerð 91. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu ásamt ársskýrslum 2024-2025 annars vegar fyrir félagsþjónustu og hins vegar fyrir skólaþjónustu.

Til kynningar.

9. Fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu, 10. júní 2025 - 2506016

Lögð fram fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu sem haldinn var 10. júní 2025. Einnig lagður fram ársreikningur byggðasamlagsins 2024.

Til kynningar.

10. Fundargerð 123. fundar stjórnar UTU - 2507005

Lögð fram fundargerð 123. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

11. Fundargerð 124. fundar stjórnar UTU - 2508004

Lögð fram fundargerð 124. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

12. fundargerð 125. fundar stjórnar UTU - 2508005

Lögð fram fundargerð 125. fundar stjórnar UTU.

Til kynningar.

13. Fundargerð 245. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2506023

Lögð fram fundargerð 245. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

14. Fundargerð 86. fundar Bergrisans bs. - 2506024

Lögð fram fundargerð 86. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

15. Fundargerð 24. fundar stjórnar Arnardrangs hses - 2506025

Lögð fram fundargerð 24. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

16. Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands - 2507007

Lögð fram fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands, sem haldinn var 4. júlí 2025. Jafnframt lagður fram ársreikningur félagsins fyrir árið 2024.

Til kynningar.

17. Fundargerð 623. fundar stjórnar SASS - 2506022

Lögð fram fundargerð 623. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

18. Fundargerð 624. fundar stjórnar SASS - 2508007

Lögð fram fundargerð 624. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

19. Fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2506014

Lögð fram fundargerð 85. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

20. Fundargerð 86. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2506015

Lögð fram fundargerð 86. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

21. Fundargerð 981. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2506018

Lögð fram fundargerð 981. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

22. Fundargerð 982. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2506019

Lögð fram fundargerð 982. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

23. Fundargerð 246. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2508009

Lögð fram fundargerð 246. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Hott", "K.H.", and "L.W.".

24. Kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 - 2505002

Lögð fram umhverfismatsskýrsla vegna kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034. Kynningartími er frá 9. apríl til 31. maí 2025. Einnig lögð fram drög að langtíma kerfisáætlun Landsnets 2025-2034 ásamt framkvæmdaáætlun 2026-2028.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir.

25. Bókunarsíða fyrir fjallaskála - 2506028

Lagt fram tölvuskeyti Selkots ehf, dags. 30. júní 2025, þar sem Ásahreppi er boðið að skrá fjallaskála á bókunarsíðu www.huts.is. Einnig lögð fram drög að samningi milli aðila.

Hreppsnefnd Ásahrepps telur að þessi hugmynd henti sveitarfélaginu ekki að svo komnu máli.

26. Umsagnarbeiðni vegna gistileyfis; Vesturás - 2507002

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 19. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Ásahrepps um veitingu leyfi til rekstur gististaðar í flokki II - H frístundahús.

Umsækjandi er V2ás ehf, kt. 420425-0580. Sótt er um leyfi til rekstur gististaðar að Ási III-lland3, fasteignanúmer F2341600 og rýmisnúmer 0101. Hámarksfjöldi gesta er 2.

Byggingarfulltrúi hefur veitt jákvæða umsögn.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að umrætt leyfi verði veitt.

27. Styrkbeiðni vegna þátttöku á heimsmeistaramóti í hestaíþróttum í Sviss - 2508002

Lagt fram tölvuskeyti Erlu Brimdísar og Þorbjörns Hreins, dags. 19. júlí 2025, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til stuðnings Þátttöku Krisjáns Árna Birgissonar á Heimsmeistaramóti í hestaíþróttum sem haldið var í Sviss.

Þar náði Kristján frábærum árangri sem hreppsnefnd óskar honum til hamingju með.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja Kristján Árna um kr. 100.000.

28. Breytingartillaga á stjórnunar- og verndaráætlun, Vonarskarð - 2508003

Lagt fram tölvuskeyti Náttúruvendarstofnunar, dags. ásamt tillögu að vöktunaráætlun fyrir Vonarskarð sem lítur að opnun í tilraunaskyni.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir engar athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu.

29. Tillaga að breytingu á flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum - 2508006

Lagt fram tölvuskeyti Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, dags. 8. ágúst 2025, þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 142/2025, Tillaga um flokkun Kjalölduveitu og virkjunarkosta í Héraðsvötnum í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar. Jafnframt er umrædd tillaga lögð fram.

Hreppsnefnd Ásahrepps er sammála þessari tillögu um flokkun Kjalölduveitu og vísar til fyrri bókunar um Kjalölduveitu á 37. fundi hreppsnefndar, dags. 19. mars 2025.

30. Styrkbeiðni Hjálparstarfs kirkjunnar og aðstoð við barnafjölskyldur - 2508010

Lagt fram bréf Hjálparstarfs kirkjunnar, dags. 14. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til aðstoðar við barnafjölskyldur.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 10.000.

31. Sinfó í sundi, samfélagsgleði um allt land í ágús - 2506020

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HSH", "Ktr.", "JF", "SI", and "Kv".

Lagður fram tölvupóstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, dags. 23. júní 2025, þar sem kynntur er viðburður þar sem fluttir verða tónleikar í beinni útsendingu í sundlaugum landsins þann 29. ágúst 2025.

Til kynningar.

32. Samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda - 2506021

Lagt fram bréf mennta- og barnamálaráðuneytis, móttækið 23. júní 2025, þar sem kynnt er samkomulag sem undirritað var þann 19. júní 2025 af ráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Samkomulagið snýst um ábyrgð á rekstri og kostnaði vegna búsetu barna með fjölþættan vanda sem vistuð eru utan heimilis.

Til kynningar.

33. Breytt rekstrarform Sigurhæða - 2507001

Lagt fram bréf Sigurhæða, dags. 2. júlí 2025, þar sem kynntar eru breytingar á rekstrarformi Sigurhæða.

Til kynningar.

34. Fyrirspurn sveitarstjóra í Rangárvallasýslu til Landsnets - 2508001

Lögð fram bréf, annars vegar fyrirspurn frá sveitarstjórum í Rangárvallasýslu til Landsnets dags. 14. júlí 2025 og hins vegar svarbréf Landsnets dags. 25. júlí 2025.

Til kynningar.


35. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 17. september 2025 á skrifstofu Ásahrepps. Fundur hefst klukkan 8:30.


Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:30.


Ísleifur Jónasson


Þráinn Ingólfsson


Helga Björg Helgadóttir


Kristín Hreinsdóttir


Valtýr Valtýsson